

Alþingi
Eriundi nr. P 126/969
komudagur 19.1.2001

BYGGÐASAFN SNÆFELLINGA OG HNAPPDÆLA

Norska húsinu, 340 Stykkishólmur
sími: 438 1640,, netfang: norskhus@aknet.is

Stykkishólmi 18. janúar 2001

Menntamálanefnd Alþingis
Pórshamri

150 Reykjavík

Meðfylgjandi er umsögn mín um

Frumvarp til safnalaga.

Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001.

Virðingarfyllst


Sigrún Ásta Jónsdóttir
forstöðumaður

Athugasemdir vegna frumvarps til safnalaga

Ég fagna því að nú séu sérstök lög samin um starfsemi safna og hlutverk safnaráðs og sjóðs, mikil þörf hefur verið á slíkum lögum. Það sem ég hins vegar sakna í þessu frumvarpi er umfjöllun um hlutverk byggaðsafna innan stjórnsýslunnar en byggðasöfn hafa haft miklu hlutverki að gegna í minjavörslunni í gegnum áratugina en þess verður ekki vart að ríkisvaldið skynji hlutverk þeirra né mikilvægi. Þetta snertir auðvitað enn stærri málaflokk sem eru samskipti ríkis og sveitarfélaga, (en öll byggðasöfn eru rekin af sveitarfélögum), en nánast öll sú umræða á eftir að eiga sér stað.

I. kafli

2. gr. 2. málsgrein, ég hef efasemdir um að rétt sé að greina á milli "listasafna" annars vegar og "minjasafna" hins vegar, að mínu mati ættu "listasöfn" að falla undir hugtakið "minjasafn" þannig að erlenda orðið "museum" verði þýtt sem minjasafn, sem myndi einfalda og skýra alla meðferð þessa málaflokks. Í **3. málsgrein** er fjallað um skipan í safnráð, eðlilegt er að Félag íslenskra safnmanna (ath. rithátt, þ.e. safnmanna en ekki safnamanna) fái að skipa tvo fulltrúa og einnig þarf að gera körfur um menntun og/eða hæfni nefndarmanna. Ráðið á að taka ákvarðanir um viðurkenningu safna en styrkir til þeirra eru byggðir á því mati (mikil þörf er á auknum fagleum kröfum í þessum málaflokki og því mikilvægt að svona mikilvægar ákvarðanir séu byggðar fyrst og fremst á faglegum grunni).

3. gr. 1 málsgrein um hlutverk safnráðs, það er mikilvægt að greina ráðið frá embætti þjóðminjavarðar og söfnum landsins. Safnráðið getur orðið mikilvægur samvinnuvettvangur ólíkra safnageira og milli ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Þar sem þetta er ekki ráð sem heldur starfsmann þá er mikilvægt að það einbeiti sér að almennari skilgreiningum og langtímaáætlunum, t.d. um samskipti ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki.

II. kafli

4. gr. samkv. alþjóðlegum skilgreiningum þá má sú stofnun sem rekin er fyrst og fremst í hagnaðarskyni fyrir eigendur sína ekki kallast safn (museum), aðeins þær sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni mega nota það hugtak, það þarf að bæta þessu inn í laga-textann.

6. gr. síðasta setning eðlilegt er að bæta við þessari endingu: "Sama regla gildir um söfn sem hijóta styrk á grundvelli þessara laga". Þetta er í raun enn mikilvægara fyrir önnur söfn, sem yfirleitt hafa veikari stöðu og persónulegri tengsl við gefendur en höfuðsöfnin.

III. kafli

10. grein, 2-liður síðari hluti: það er ekki alveg ljóst hvað átt er við með hugtakinu "stefnu", mér finnst líklegt að það sé átt við "söfnunarstefnu" en það hugtak þyrfti einmitt mjög að kom fram hér í þessum lagatexta.